

um stefnanda, Böövari Bjarnasyni, kr. 5296.06 með 6% árs-  
vöxtum frá 11. apríl 1956 til greiðsludags og kr. 1000.00 í  
málkostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að  
viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 125/1959. **Ólfustöðin h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)  
gegn  
**bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs**  
(Kjartan Ragnars hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með  
stefnu 21. júlí 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurð-  
ur verði úr gildi felldur, að synjað verði lögtaks og að stefnda  
verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir  
Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að  
áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir  
Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 3. tölulið 4. gr. laga um útsvör nr. 66/1945  
er niðurjöfnunarnefnd rétt við álagningu útsvars að taka til  
greina sérhvað það, er telja má máli skipta um gjaldþol út-  
svarsgreiðanda, og eftir 24. gr. sömu laga er úrskurður ríkis-  
skattanefndar fullnaðarúrskurður um fjárhæð útsvars.

Við álagningu útsvars þess, sem hér er deilt um, voru  
nefnd skattayfirvöld því eigi bundin við sömu fyrningu eigna,  
sem lögð var til grundvallar við ákvörðun tekjuskatts, og  
þar sem skattayfirvöldin hafa haldið sér innan valdmarka  
sinna, eru eigi slíkir annmarkar á ákvörðun útsvarsins, að  
dómstólar fái hnekkt gerðum þeirra. Með þessum athuga-  
sendum ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Oliustöðin h/f, greiði stefnda, bæjarstjórnunum í Hafnarfirði f.h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fógetaðóms Hafnarfjarðar 28. maí 1959.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan málflutning þann 25. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, krafizt þess, að lögtak verði látið fram fara í eignum gerðarpola, Oliustöðvarinnar h/f í Hafnarfirði, til tryggingar greiðslu útsvarsskuldar, að fjárhæð kr. 60.000.00, sem eru eftirstöðvar útsvars, lagt á gerðarpola árið 1957, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Hann krefst einnig málskostnaðar að mati réttarins.

Gerðarþoli hefur mótmælt útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og gerðarbeiðanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómars.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í fógetarétti Hafnarfjarðar 6. f. m. Með úrskurði, uppkveðnum samdægurs, vék hinn reglulegi fógeti, Björn Sveinbjörnsson, sæti í málinu ex officio. Var Elías I. Eliasson fulltrúi skipaður setufógeti í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. þ. m. Hefur hann síðan farið með málið og kveður upp úrskurð þenna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Við aðalniðurjöfnun útsvara í Hafnarfirði árið 1957 var gerðarpola, Oliustöðinni h/f, gert að greiða til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar kr. 160.795.00. Útsvarið sundurliðast þannig:

1. Tekjuútsvar .....	kr. 6.800.00
2. Eignaútsvar .....	— 120.00
3. Veltuútsvar .....	— 53.875.00
4. Útsvar af afskriftum .....	— 100.000.00

Samtals kr. 160.795.00

Gerðarþoli, sem ekki vildj una útsvarinu, kærði það m. a. til

Ríkisskattanefndar, sem lækkaði útsvarið í kr. 120.795.00. Gerðarþoli hefur þegar greitt til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar kr. 60.795.00 af útsvarskröfunni, eða sem samsvarar lið 1—3 hér að framan.

Umboðsmönnum aðiljanna hefur borið saman um það, m. a. við munnlegan flutning málsins, að gefnu tilefni frá dómaranum, að útsvarseftirstöðvar þær, kr. 60.000.00, sem hér er krafizt lögtaks fyrir, séu sá hluti heildarútsvars gerðarþola árið 1957, eins og Ríkisskattanefnd hefur fært hann niður í, sem lagður er á afskriftir, og enn fremur að þær kr. 60.795.00, sem gerðarþoli hefur þegar greitt, séu tekju- og eigna- og veltuútsvar lagt á gerðarþola árið 1957.

Mótmæli sín og kröfur byggir gerðarþoli á því, að útsvarsálagning á afskriftir sé ólögmaet, afskriftir geti ekki verið útsvarsgjaldstofn. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, 10. gr., 1. mgr. a-lið, segir, að frá tekjum skuli draga, áður en skattur sé á þær lagður, m. a. venjulega fyrningu. Og í reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt, 28. gr., a-lið, segir, að fyrning á eignum skuli reiknuð árlega og talin til frádráttar án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda. Í útsvarslögum, 4. gr., 2. tölulið, segir, að taka skuli til greina við útsvarsálagningu tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár. Með tekjum í útsvarslögum, telur hann, að átt sé við tekjur að frádregnum afskriftum í samræmi við fyrrgreind lagaákvæði.

Kröfur sínar reisir gerðarbeiðandi á því, að við útsvarsálagningu sé niðurrjöfnunarnefnd óbundin af þeim reglum tekjuskattlaganna, sem mæli fyrir um það, að fyrning skuli dregin frá tekjum, áður en skattur sé á þær lagður. Því hafi niðurrjöfnunarnefnd verið fullkomlega heimilt að leggja umrætt afskriftarútsvar á gerðarþola. Í reglum þeim, sem niðurrjöfnunarnefnd hafði farið eftir við álagningu útsvaranna, segir svo m. a.: „Samkvæmt 4. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör voru reglur laga um afskriftir eigna ekki taldar bindandi, og gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, gert að greiða í útsvar 10% af afskriftum.“ Eftir þessari reglu hafi verið lagt afskriftaútsvar á gerðarþola sem aðra hliðstæða atvinnurekendur. Almennt sé viðurkennt, að heimilt sé að leggja á veltuútsvör, sem miðist við ákveðinn hundradshluta af umsetningu án tillits til nettótekna, og því sé ekki minni ástæða til að heimila álagningu útsvara á afskriftir, sem a. m. k. á síðustu verðbólguárum hafi komið út sem bein skattfrjáls eignaaukning. Ef svo yrði litið á, að reglur skattalaga um afskriftir gildi einnig

um útsvör, heldur gerðarbeiðandi því fram, að Ríkisskattanevnd hafi endanlega úrskurðað um heildarútsvarsfjárhæð gerðarþola, þar á meðal með tilliti til afskriftanna, og því sé það ekki á valdi dómstóla að úrskurða um réttmæti útsvarsfjárhæðarinnar. Gerðarþoli hafi kært útsvar sitt 1957 til Ríkisskattanevndar, eingöngu að því er varðar þann hluta þess, sem lagður var á afskriftir, og nefndin hafi lækkað afskriftarútsvarið um kr. 40.000.00. Samkvæmt 24. gr. útsvarslaga sé úrskurður Ríkisskattanevndar fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð, en með vísan til a-liðs 28. gr. reglugerðar nr. 147/1955, sbr. a-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, hafi Ríkisskattanevnd heimild til að úrskurða um frávik frá almennum reglum um fyrningarhundraðshlutann, að því er varðar ákvörðun tekna til skatts. Af tekjum gerðarþola, sem námu kr. 2.153.809.62 árið 1956, hafi kr. 991.942.32 verið varið í afskriftir. Á sama ári hafi kr. 337.509.97 verið varið til viðhalds eignanna. Gerðarbeiðandi kveður þessar stórkostlegu afskriftir samfara svona miklu viðhaldi veita gerðarþola möguleika á stórfelldri eignaaukningu, sem bæjarfélaginu beri skylda til að leggja útsvar á, ef efni og ástæður gjaldandans eigi að ráða um útsvarsfjárhæðina.

Í máli þessu er sem sagt um það deilt, hvort afskriftir geti verið útsvarsstofn, og á það ágreiningsefni undir úrskurð dómstóla.

Útsvarseftirstöðvar þær, kr. 60.000.00, sem hér er krafizt lög-taks fyrir, nema rösklega 6% af heildarafskriftum gerðarþola árið 1956. Í því, að þannig hefur verið lagt á afskriftir gerðarþola, virðist einungis felast það, að skattyfirvöld viðurkenni ekki, að afskriftir samkvæmt lögum nr. 46/1954 skuli skilyrðislaust teknar til greina við álagningu útsvara.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, sbr. reglugerð um sama efni nr. 147/1955, er kveðið á um það, að áður en skattur sé lagður á tekjur, skuli frá þeim draga eftir nánar tilgreindum reglum fyrningu eða afskrift þeirra eigna, sem notaðar eru við öflun teknanna. Lög um útsvör nr. 66/1945 hafa engin hliðstæð ákvæði að geyma. Í 4. gr. útsvarslaga segir, að útsvör skuli lögð á „eftir efnum og ástæðum“. Enn fremur eru í tilvitnuðu ákvæði útsvarslaganna nokkrar leiðbeiningarreglur fyrir útsvarsyfirvöld við mat á „efnum og ástæðum“. Samkvæmt þessu hafa útsvarsyfirvöld allfrjálsar hendur um álagningu útsvara. Að vísu virðist ráð fyrir því gert í lögum um sérstakar fyrningarafskriftir nr. 59/1946, að fyrning að vissu marki sé frádráttarbær, áður en útsvar er á lagt, sbr. 5. gr. þeirra laga.

Lög þessi verða ekki talin binda hendur útsvarsyfirvalda að þessu leyti.

Með vísan til framanritaðs lítur rétturinn svo á, að það sé háð mati skattyfirvalda, sbr. 4. gr. útsvarslaga, hverjar afskriftir leyfa eigi, áður en útsvar er á lagt.

Útsvar gerðarþola er ákveðið með sama hætti og útsvör annarra hliðstæðra gjaldenda í Hafnarfirði.

Þar sem skattyfirvöld hafa þannig ákveðið útsvar gerðarþola innan rétttra valdmarka, og útsvarið verður ekki talið fjarstæðukennt, miðað við það, sem fram er komið um hag félagsins, ber að taka kröfur gerðarbeiðanda til greina og heimila framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1200.00 í málskostnað.

**Því úrskurðast:**

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Óliustöðin h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjar-sjóði Hafnarfjarðar, kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 208/1959. **Ákærvaldið** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

**Ólafi Friðgeiri Ólafssyni**

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og prófessor Ármann Snævarr.

Umferðarlagabrot.

**Dómur Hæstaréttar.**

Vitnið Svanur Hvítaness Halldórsson hefur fyrir dómi 28. þ. m. gefið nánari skýrslu um málsatvik.

Ekki verður talið sannað, að ákærði hafi brotið gegn